Fundargerð

**252. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 8. september 2023, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:
Dagur B. Eggertsson, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Víðisson, Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. **Fjárhagsáætlun SHS 2024 - 2028, tillögur um meginforsendur - 2309001**

   Forsendur fjárhagsáætlunar 2024 og fimm ára áætlunar 2024-2028 lagðar fram.

   Niðurstaða

   Engar athugasemdir gerðar.

   Fylgiskjöl

   SHS 252 1.1 Bréf til stjórnenda B-hluta fyrirtækja_fjárhagsáætlun 2024-2028.pdf

   SHS 252 1.2 Forsendur fjárhagsáætlunar 2024 og fimm ára áætlunar 2024-2028.pdf

2. **6 mánaða uppgjör 2023 - 2309002**

   Sex mánaða árshlutauppgjör samstæðu SHS lagt fram til staðfestingar.

   Niðurstaða

   6 mánaða uppgjör SHS samþykkt og undirritað rafrænt.

   Fylgiskjöl

   SHS 252 2.1 6 mánaða uppgjör 2023.pdf

3. **Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar - 2309004**

   Taka þarf ákvörðun um hvort ársfundur SHS verði haldinn samhliða ársfundum byggðasamlaganna og aðalfundi SSH þann 10. nóvember nk.

   Niðurstaða

   Stjórn SSH mun taka ákvörðun um fyrirkomulag aðalfundar SSH á næstunni og upplýsa SHS um hvort byggðasamlögin hafi aðkomu að honum eins og verið hefur.

4. **Starfsstöðvar SHS til framtíðar - 2301008**

Farið stuttlega yfir stöðu mála. Í samræmi við fyrri ákvörðun hefur verið boðað til vinnufundar stjórnar SHS með starfshópi um húsnæðismál SHS.

Niðurstaða

Staðfest að vinnufundur stjórnar með starfshópnum verður haldinn 25. september nk.

5. Bruni við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði - 2309005

Farið yfir aðgerðir slökkviliðsins og eftirmála vegna búsetu í húsnæðinu.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs -

6. Skýrsla starfshóps um úrbætur á eldvörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu - 2205003

Skýrsla starfshóps um brunavarnir í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu lögð fram og farið yfir útfærslur starfshópsins á úrbótatillögum samráðsvettvangs um brunavarnir í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu, en sú vinna hófst í kjölfar mannskæðs bruna á Bræðraborgarstíg. Jafnframt kynnt að bæta þurfi við mönnun forvarnasviðs vegna aukningar verkefna vegna úrbótanna, áforma um aukna uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, búsetu í atvinnuhúsnæði, ábendinga o.fl. þar sem sviðið er þegar komið að þolmörkum hvað mönnun varðar.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs -

Fylgiskjöl

SHS 252 6.1 Skýrsla starfshóps um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu - júní 2023.pdf

7. Kærumál vegna brunavarna - 2309006

Farið yfir stöðu kærumála SHS vegna ófullnægjandi brunavarna.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs -

8. Önnur mál - 2301017

8.1 Upplýst um að næsti fundur almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins verði haldinn hjá Veðurstofu Íslands.

Fundi slitið kl. 09:00.

Dagur B. Eggertsson	Almar Guðmundsson
Þór Sigurgeirsson	Regína Ásvaldsdóttir
Valdimar Víðisson	Orri V. Hlöðversson

Rafræn skilríki

Undirritað af: Valdimar Víðisson
Kennitala: 1009783509
Tími: 08.09.2023 11:27
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Almar Guðmundsson
Kennitala: 0305722979
Tími: 08.09.2023 12:02
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þór Sigurgeirsson
Kennitala: 0704678369
Tími: 08.09.2023 12:30
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Dagur B. Eggertsson
Kennitala: 1906725739
Tími: 08.09.2023 14:02
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Regína Ásvaldsdóttir
Kennitala: 3006603989
Tími: 11.09.2023 16:04
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Orri V. Hlöðversson
Kennitala: 2006642139
Tími: 12.09.2023 6:34
Rafræn undirritun í fundagátt SHS

Undirritað með OneSign